

HÚSÖNDIN

33.tbl. 1.árg.
26.sept. 2018

Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir

sími:
8492804

AFMÆLISBÖRN DAGANA 27.SEPTEMBER-3.OKTÓBER

27.9 *Héðinn Þór Óskarsson, Hólmfríður Ásdís Illugadóttir*

30.9 *Weronika Anna Rucinska*

2.10 *Jóhann Böðvarsson*

3.10 *Anna Dóra Snæbjörnsdóttir, Olga Laperova*



DANS, DANS, DANS

Nú nálgast Slægjuballið og því gott að dusta rykið af danstöktunum

Námskeið í gömlu dönsunum fyrir byrjendur eða ryðgaða í dansinum:

Mánudag 1.okt. kl 20-22

Þriðjudag 2.okt kl 20-22

Námskeið fyrir þá sem hafa gaman af því að dansa

Fimmtudag 4.október kl 20-22

Kennari Anna Breiðfjörð

Verð: 5000kr. á mann fyrir eitt skipti, 8000kr. á mann fyrir tvö og 10.000kr. á mann fyrir þrjú skipti.

Ekki er nauðsynlegt að mæta með dansfélaga -allir með!

Skráning í síma 464 5130 (Ditta) eða 464 5100 og á netfangið ditta@hac.is

Athugið að verkalýðsfélög endurgreiða oft hluta námskeiðsgjalds,

athugaðu málið hjá þínu félagi.



Þekkingarnet
Þingeyinga

Félagsstarf eldri borgara (60+) hefst 8. október

Félagsstarf eldri borgara í Mývatnssveit, 60 ára og eldri, hefst að nýju eftir sumarleyfi með leikfimitíma **mánudaginn 8. október kl. 10:00.**

Fyrsta samverustundin verður miðvikudaginn 10. október. Starfið er með hefðbundnum hætti en fer fram í nýju aðstöðunni í íþróttamiðstöðinni. Þar fer vel um starfið í hjartri og rúmgóðri stofu. Eldri borgarar hafa aðgang að stofunni alla daga vikunnar ef þeir vilja og geta nýtt sér aðstöðuna í íþróttahúsinu sér að kostnaðarlausu. Athugið! Félagsstarfið verður á **miðvikudögum** (í stað fimmtudaga) og hefst kl. 11:50 í leikfimi fyrir þá sem vilja.

Umsjón félagsstarfsins: Þórdís Jónsdóttir (Dísa). Til aðstoðar verður Ásta Price.

Auka leikfimistími:

Boðið verður upp á auka leikfimistíma fyrir eldri borgara á mánudögum kl. 10:00 í íþróttahúsinu hjá Ástu Price. Fyrsti mánudagstíminn verður 8. október.

Boðið upp á ókeypis akstur:

Áfram verður boðið verður upp á akstur í samverustundina á miðvikudögum á vegum sveitarfélagsins og er eldri borgurum að kostnaðarlausu. Egill Freysteinnsson sér um aksturinn. Þeir sem ætla að nýta sér aksturinn þurfa að **láta vita í hvert skipti**, í síðasta lagi daginn fyrir samverustundina, hjá Ástu í íþróttamiðstöðinni í síma 464 4225. Að lokinni samverustund er svo einnig boðið upp á akstur heim.

Vonandi sjáum við ykkur sem flest í félagsstarfinu í vetur. Maður er manns gaman.

Skútustaðahreppur



Lækkun á hámarkshraða í Reykjahlíð úr 50 í 30

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fengnum tillögum frá sveitarstjórn Skútustaðahrepps, hefur lögreglustjórnin á Norðurlandi eystra ákveðið að hámarkshraði á Hlíðavegi í Reykjahlíð, verði lækkaður úr 50 km/klst niður í 30 km/klst, þá verði hámarkshraði á Múlavegi, frá heimkeyrslu að Múlavegi 5 og að gatnamótum Múlavegar og Hlíðavegs einnig lækkaður úr 50 km/klst niður í 30 km/klst. Jafnframt verði leyfilegur hámarkshraði á götum sem liggja út frá Hlíðavegi og Múlavegi 30 km/klst.

Sett verða upp viðeigandi umferðarmerki, samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra.

Auglýsing þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar í Stjórnartíðindum í byrjun október.

Náms- og starfsráðgjöf

Pekkingarnet Pingeyinga býður upp á viðtöl við náms- og starfsráðgjafa á öllum starfsstöðvum Pekkingarnetsins.

Með náms- og starfsráðgjöf er hægt að fá:

- upplýsingar um nám og störf
- aðstoð til að auðvelda ákvarðanatöku vegna náms- og/eða starfsvals
- aðstoð við að kanna áhugasvið, færni og persónulega styrkleika með tilliti til náms og starfa
- aðstoð við mat á möguleikum til náms og starfa
- aðstoð við að takast á við hindranir í námi s.s. prófkvíða og lesblindu
- aðstoð við að setja sér markmið og gera áætlun um nám eða starfsþróun
- leiðsögn um árangursrík vinnubrögð í námi t.d. glósugerð og prófundirbúning
- stuðning og hvatningu til símenntunar
- áhugasviðsgreiningu sem getur aðstoðað við val á námi og starfi
- aðstoð við gerð ferilskráa (CV) og atvinnuumsókna

Þjónusta náms- og starfsráðgjafa er öllum að kostnaðarlausu.

Hægt er að óska eftir viðtali við náms- og starfsráðgjafa með því að senda póst á gudrunhelga@hac.is eða í síma 464-5100.



Pekkingarnet
Pingeyinga

Næsta lýðheilsuganga



Miðvikudaginn 26. september kl. 18.00:

Gengið í kringum Birtingatjörn í einstöku landslagi. Mæting við Birtingatjörn. Auðveld ganga sem hentar smáum sem stórum, hver gengur á sínum hraða. Umsjón: Jóhanna Jóhannesdóttir. Skútustaðahreppur er Heilsueflandi samfélag.

Umsagnir um fráveitusamþykkt



Drög að samþykkt um fráveitu var lögð fram til fyrri umræðu sveitarstjórnar þann 22. ágúst s.l. Samþykkt þessi gildir um fráveitu í Skútustaðahreppi eins og hún er skilgreind í 3. tl. 3. gr. laga nr. 9/2009, um uppbyggingu og rekstur fráveitna, og nær til allra fasteigna, íbúðarhúsnaðis, sumarbústaða, stofnana og atvinnustarfsemi í sveitarfélaginu.

Sveitarstjórn óskar eftir umsögnum um fráveitusamþykktina. Umsagnir berist á netfangið thorsteinn@skutustadahreppur.is, skilafrestur umsagna er til og með 30. september n.k.

Samþykktina má nálgast á heimasíðu Skútustaðahrepps

Reglur um úthlutun menningarstyrkja - Umsagnir óskast



Að tillögu velferðar- og menningarmálanefndar hefur sveitarstjórn samþykkt að setja drög að reglum um úthlutun menningarstyrkja Skútustaðahrepps í opinbert umsagnarferli. Því gefst Mývetningum tækifæri til þess að senda inn umsagnir um reglurnar á formann velferðar- og menningarmálanefndar á netfangið ragnhildurholm@gmail.com. Skilafrestur er til 30. september n.k. Reglurnar má nálgast á heimasíðu Skútustaðahrepps.

ÁRLEG INFLÚENSUBÓLUSETNING!

**Bóluset er á heilsugæslustöðinni í Reykjahlíð
miðvikudaginn 3. október á milli kl. 9-12
Tímamantanir óþarfar á þessum tíma**

Við bólusetninguna eru notuð þrígild bóluefni gegn influensu A og B sem hafa verið framleidd fyrir veturinn 2018-2019 samkvæmt ráðleggingum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar.

Eftirtaldir áhættuhópar njóta forgangs:

- Allir einstaklingar 60 ára og eldri.
- Öll börn og fullorðnir sem þjást af langvinnnum hjarta-, lungna-, nýrna- og lifrarsjúkdómum, sykursýki, illkynja sjúkdómum og öðrum ónæmisbælandi sjúkdómum.
- Heilbrigðisstarfsmenn sem annast einstaklinga í áhættuhópum sem taldir eru upp hér að ofan.
- Þungaðar konur.

Að gefnu tilefni er minnt á að einstaklinga má bólusetja jafnvel þó influensufaraldur sé hafinn því einungis tekur um 1-2 vikur að mynda verndandi mótefni eftir bólusetningu.

Heilbrigðisstofnun Norðurlands, Reykjahlíð



